Skýrsla

um óborguð landsgjöld í sýslu (umboði) haustið 18

Nöfn og heimili gjaldþegna	Hvaða gjald.	Hvað skuldin er mikil. Kr.	Aur.	Rjettur gjalddagi.	Hvenær lögtaks-skipunar hefir verið beðizt.	Hvenær lögtaks-skipunin er dag-sett.	Hvenær lögtaks-skipunin hefir verið send hreppstj.	Hvenær lögtak hefir farið fram.	Hvenær uppboð á hinum lög-teknu munum hefir verið auglýst.	Hvenær uppboðið hefir fram farið.

Auglýsing

um ríkisskuldabrjef, er upp má segja. **52** 18. maí.

Með því að ýmsir almennir sjóðir og stofnanir hjer á landi eiga talsvert fje inni í ríkissjóðnum samkvæmt skuldabrjefum, er upp má segja, og sem goldnir eru af ýmist 4% 3½% eður 3% í árlega vöxtu, skal öllum hlutaðeigöndum hjer með bent á, að slík skuldabrjef munu, ef þess er farið á leit við fjárhagsstjórn ríkisins, verða borguð úr ríkissjóði með fullri upphæð þeirri, er þau hljóða upp á, og má þá aptur fyrir hana kaupa 4% konungleg skuldabrjef með vaxtaklippingum, fyrir hið lægra söluverð, sem vera mun á þeim.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 18. maí 1876.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

— *Brjef* landshöfðingja *til bæjarfógetans í Reykjavík um* tóbakstoll. — Með **53** 23. maí. brjefi frá 6. þ. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt mjer frá, að samkvæmt tollseðli skipsins Valdemars hafi verið flutt hingað 59 pnd. af tóbaki framyfir það, sem viðtakendur tóbaks þessa vilja kannast við, að þeir hafi meðtekið, og hafið þjer spurt, hvernig þjer í þessu efni skulið haga yður.

Fyrir því skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að þar sem vöruskrá sú, eða tollseðill, sem hvert kaupskip á að hafa meðferðis, er samkvæmt 3. gr. laganna frá 11. febr. þ. á. aðalskjalið, sem fara á eptir, þegar spurning er um, hvað mikið tóbakið sje, sem inn er flutt, en skýrsla viðtakendanna aðeins getur gefið vissu fyrir, að eigi hafi verið flutt meira tóbak inn, enn það sem tilgreint er á vöruskránni, og með því að kaupmaður sá, sem inn hefir flutt tóbak það, er hjer ræðir um, mun, þá er tóbakið var flutt frá Danmörku hafa átt kost á að fá lagfært það, sem kynni að hafa verið misritað á tollseðlinum og sem tolluppbót sú, er hann mun hafa fengið við útflutninginn, mun hafa verið reiknuð eptir, verður að greiða toll hjer á landi af hinni sömu upphæð, nema því að eins, að viðtakandi geti sannað, að tóbak það, sem vantar, hafi verið flutt úr skipinu eða glatazt á leiðinni, áður en skipið tók land hjer.